

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphreinsunar- og sorpeyðingargjald með vísan til samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Akranesi nr. 1231/2005.

2. gr.

Gjöldin greiðast árlega sem hér greinir:

- 2.1 Íbúðir, íbúðarhúsnæði greiða kr. 13.700 á íbúð miðað við tvær sorptunnur í sorphreinsunargjald. Húseigendum er í upphafi afhentar tvær (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp) 240 l sorptunnur.
- 2.2 Íbúðir, íbúðarhúsnæði greiða kr. 11.700 á íbúð miðað við tvær (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp) sorptunnur í sorpeyðingargjald.
- 2.3 Húsfélög geta fengið í stað 240 l sorptunna, 660 l eða 1.100 l sorpílát. Sorptunnur sem skilað er inn til að fá stærri sorpílát þurfa að vera a.m.k. með samtals sömu lítratölu og þau sorpílát sem koma í staðinn. Endurnýjun sorpílata er á kostnað húseigenda.

Gjöldin innheimtast með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar 4. janúar 2011, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Breyting þessi öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1244/2008 fyrir hirðu og eyðingu sorps í Akraneskaupstað.

Akranesi, 28. febrúar 2011.

Jón Pálmi Pálsson bæjarritari.
